

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Ásahreppi árið 2018

Reglur um afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Ásahreppi.

1. gr.

Fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í sveitarfélaginu Ásahreppi sem þeir nýta sjálfir, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4.mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Til að njóta afsláttar þarf að uppfylla annað hvort:

- a) vera 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2018.

Afslátturinn nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í.

Ásahreppur sækir upplýsingar við útreikning afsláttar í upplýsingakerfi ríkisskattstjóra. Ekki er þörf á að sækja um afsláttinn til sveitarfélagsins nema samkvæmt 4. gr. hér að neðan.

3. gr.

Niðurfelling eða lækkun miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur ársins 2016 eins og þær eru samkvæmt skattframtali 2017, endurskoðað í ágúst miðað við tekjur 2017 samkvæmt skattframtali 2018. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

a) Ef um er að ræða einstaklinga;

- með brúttótekjur undir 3.173.225 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 3.173.226- 3.668.674 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 3.668.675– 4.190.074 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 4.190.075– 4.718.551 kr. getur niðurfelling orðið 25%

b) Ef um er að ræða hjón;

- með brúttótekjur undir 4.729.168 kr., getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.729.170 – 5.452.286 kr. getur niðurfelling orðið 75%
- með brúttótekjur milli 5.452.288 – 6.167.147 kr. getur niðurfelling orðið 50%
- með brúttótekjur milli 6.167.148 – 6.899.702 kr. getur niðurfelling orðið 25%

Viðmiðunartekjurnar eru heildartekjur umsækjanda og eru framreiknaðar samkv. vísitölu neysluverðs, þ.e tekjur sem mynda álagningarstofn tekjuskatts- útsvars og fjármagnstekjuskatts eins og þessar tekjur voru næsta ári á undan álagningarári.

4. gr.

Við fráfall maka/sambýlismanns tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er eftirlifandi maka með tekjur allt að 5.326.746 krónur á ári heimilt að sækja um sérstakan afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi af húsnæði sem hann býr í. Tekjuviðmið eru þau sömu og í 2.gr. um tekjuviðmið.

5.gr.

Örorkulífeyrisþegar fá afslátt samkvæmt 3. gr. gegn framvísun á örorkuskírteini.

Reglur þessar voru samþykktar af hreppsnefnd Ásahrepps 13. des. 2017